

Mál nr. 196/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um skerðingu bótaréttar vegna líkamstjóns sem varð þegar unnið var með vinnuvél við hleðslu á grjótagarði þann 21.07. 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 09.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.10. 2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M, fæddur 1934, var að vinna ásamt J, vátryggingataka, við að hlaða grjótagarð í garði M. J notaðist við gröfu í sinni eigu við verkið. Lýsingar á málsatvikum hafa tekið nokkrum breytingum frá því að upphaflegar skýrslur voru teknar. Ljóst er að M stóð til hliðar við gröfuna sem notuð var við hleðsluna. Hlutverk hans mun hafa verið að leiðbeina J um staðsetningu steina. Vildi ekki betur til en svo að grafan (bóman) slóst í M þannig að meiðsl hlutust af.

Vátryggingafélagið hefur fallist á bótaábyrgð J en telur að skerða skuli bótarétt M vegna eigin sakar um 1/3 hluta. M er því ósammála sbr. fyrirliggjandi gögn og röksemdafærslu hans í málskotinu.

Vinnueftirlit ríkisins lætur þess getið í umsögn m.a. að stjórnandi vélarinnar hafi aldrei haft vinnuvélaréttindi en hann hafi stundað vörubílaakstur og gröfuakstur árum saman. Það telur orsök slyssins vera þá að M hafi staðið of nærri bómunni þegar steini var sleppt. Varla sé við að búast að óvanur maður varist hættuna á því að bóman sláist til en ætlast verður til þess að stjórnandi vinnuvélarinnar sé meðvitaður um það og sýni fulla aðgát við vinnu í námunda við fólk.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, er ekki tilefni til að skerða bótarétt M. Hann á óskertan bótarétt.

Niðurstaða.

M á óskertan bótarétt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. nóvember 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.